

125. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

2. 6. 2021 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Þorkell Óskar Vignisson, Bjarni Guðmundsson, Gunnar Þór Jóhannesson og Huguín Harpa Reynisdóttir. Kristín Vala Prastardóttir var með í tveimur fyrstu liðum fundarins.

Fjarverandi: Steinunn Hödd Harðardóttir og Hrafnkell Guðnason

Kristín Hermannsdóttir bauð Þorkel Óskar Vignisson velkominn í stjórn Nýheima þekkingarseturs. Hann tekur sæti Hólfríðar Bryndísar Þrúðmarsdóttur fyrir hönd Ríkis Vatnajökuls.

Kynning á verkefninu Legends

Kristín Vala sagði frá verkefninu Legends sem Nýheimar þekkingarsetur tekur þátt í og er fjölþjóðlegt samstarfsverkefni styrkt af Erasmus+. Verkefnið felur í sér þróun og mótun kennsluefnis sem mun byggja á þjóðsögum frá Evrópu og fjalla um lykilhæfni í nútímasamfélagi, samfélagsþátttöku, frumkvöðlahugsun, samskipti og aðlögunarhæfni, menningarvitund og tjáningu.

Kynning á verkefninu NICHE

Kristín Vala sagði frá verkefninu NICHE sem Nýheimar þekkingarsetur tekur þátt í og er fjölþjóðlegt samstarfsverkefni styrkt af Erasmus+. Verkefnið felur í sér þróun og mótun kennsluefnis sem ætlað er að styðja við frumkvöðla sem vilja nýta óáþreifanlegan menningararf.

Fundaskipulag næsta vetra

Fundaskipulag næsta vetrar lá fyrir fundinum, áfram er gert ráð fyrir mánaðarlegum fundum og einum húsfundi á önn. Aðildastofnanir munu skiptast á að halda kynningar um starf sitt á fundunum. Ákveðið að gera breytingar á fundartíma stjórnarfunda sem verða næsta vetur frá 8:30 – 10:00. Stjórn er komin í sumarfrí og verður næsti fundur haldinn 1. september.

Önnur mál

Eyrún Helga kynnti og fór yfir ársskýrslu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar þar sem farið er yfir helstu verkefni síðasta árs.

Eyjólfur minnti á sjálfbærnisúpu sem haldin verður í Nýheimum næsta föstudag 4. júní og hvatti alla til að mæta. Súpan er í boði Grósku með stuðningi Nettó, FAS og Nýheima.

Starfsemi og markmið Grósku verða kynnt á viðburðinum.

Huguín Harpa sagði frá því að setrið leitar enn að nema til starfa í sumar í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð.

Ragnhildur Jónsdóttir sem hættir störfum sem fræðslustjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar og greindi Ragnhildur frá því að Þórgunnur Torfadóttir, nýr fræðslustjóri, muni taka sæti hennar í stjórn. Stjórn þakkar Ragnhildi fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf í stjórn Nýheima þekkingarseturs síðustu ár.

Fundi slitið klukkan 9:45

Ástín Hermannsdóttir
Hugvín Harpa Reynisdóttir